



## Vegna skipulagsmála á sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps

Oddviti og sveitarstjóri Flóahrepps áttu samráðsfund með bæjarstjóra og formanni bæjarráðs Árborgar í haust. Efni fundarins var meðal annars að ræða samstarf sveitarfélaganna en sveitarfélögin eiga gott samstarf í ýmsum málaflokkum svo sem fræðslumálum, félagsþjónustu, ferða- og kynningarmálum, menningarmálum og íþróttá- og æskulýðsmálum.

Í ljósi þess að undirbúningur og framkvæmdir við nýja Ölfusárbrú munu hefjast á komandi mánuðum er mikilvægt sveitarfélögin horfi til framtíðar skipulags og uppbyggingar á svæðinu við austurenda brúarinnar. Ljóst þykir að skipulagið þurfi að vinnast í samvinnu þessara sveitarfélaga enda liggja sveitarfélagamörkin á milli Árborgar og Flóahrepps alveg við þéttbýlið á Selfossi. Nú þegar eru skilgreind svæði undir verslun og þjónustu í aðalskipulagi Flóahrepps við nýtt vegstæði á Þjóðvegi 1, austan nýrrar Ölfusárbrúar. Sveitarfélagið Árborg er landeigandi á megninu af því landi sem liggur við nýtt vegsvæði innan Flóahrepps.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur ákveðið að fara í heildarendurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins og mikilvægt að uppbygging og skipulag á þessu svæði verði hluti af þeirri endurskoðun.

Ofangreindu er vísað til umræðu í sveitarstjórn Flóahrepps.

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*